

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 16. júní 2020

2006004SA KB

Málalykill: 01.12

Efni: Beiðni sveitarstjórnarráðherra vegna fasteignaskattsálagningar árið 2021

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 12. júní 2020 var lagt fram meðfylgjandi bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 27. maí 2020, varðandi fasteignamat.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórnin tekur ekki afstöðu til erindisins en samþykkir að áframsenda erindið til allra sveitarfélaga, en í viðspyrnuáætlun sambandsins er hvatt til þess að sveitarfélög hækki ekki fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði umfram verðlagsbreytingar árið 2021. Það er svo hverrar sveitarstjórnar að meta og ákvarða hvort hún vilji ganga lengra í mildun fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði en sú hvatning felur í sér. Í tengslum við þá ákvörðun verður að hafa í huga að mörg sveitarfélög hafa undanfarin ár brugðist við hækkun fasteignamats milli ára með lækkun álagningarhlutfalls. Eins eru fasteignamatsbreytingar milli áráanna 2020 og 2021 mjög mismunandi milli sveitarfélaga og lækka í sumum tilvikum. Loks er vert að benda á að breytingar á fasteignamati atvinnuhúsnæðis er mismunandi eftir einstökum fasteignum innan hvers sveitarfélags.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mái nr.	2006 0045/A
Móttækið dags.	29. MAÍ 2020
Bréfaþykils nr.	01.12

Reykjavík 27. maí 2020
Tilv.: SRN20050001/4.0

Eins og kunnugt er skal Þjóðskrá Íslands á grundvelli 32. gr. a laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 endurmeta skráð matsverð allra fasteigna 31. maí ár hvert. Skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember þess árs til jafnlengdar næsta árs nema sérstök matsgerð komi til. Frestur eiganda til athugasemda skal vera mánuður frá tilkynningu ákvörðunar. Þjóðskrá Íslands ber eigi síðar en í júnímánuði ár hvert að gera hverju sveitarfélagi og hverjum eiganda grein fyrir niðurstöðu endurmats, sé það framkvæmt. Yfirfasteignamatsnefnd framkvæmir yfirmat skv. 33. gr. sömu laga.

Þjóðskrá Íslands hefur nú kynnt fyrir ráðuneytinu og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga nýtt mat sem stofnunin mun kunngjóra opinberlega fljótlega í samræmi við ofangreint ákvæði. Samkvæmt þeim upplýsingum mun hækkun fasteignamats á landsvísi nema 1,85% eða sem nemur hækkun um 952 milljónir króna á álögdum fasteignaskatti miðað við núgildandi álagningarprósentur sveitarfélaga. Hækkun á fasteignaskatti skv. skattflokki C nemur 1,64% sem felur í sér hækkun álagningar um 471 m.kr.


Í tengslum við þessa kynningu Þjóðskrár Íslands hefur ráðuneytið talið eðlilegt að gert yrði sameiginlegt samkomulag eða viljayfirlýsing á milli þess og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga landsins um að álagningarprósentur sveitarfélaga á komandi ári yrðu lækkaðar sem næmi að lágmarki hækkun fasteignamatsins milli ára. Yfirlýsingin tæki sérstaklega til álagningar fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Með því móti væri tryggt að sveitarfélög landsins tækju höndum saman um að halda aftur af hækkun fasteignamatsins og hlífa um leið atvinnulífina við auknum álöögum á þessum fordæmalausu tímum. Ljóst er að tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti hafi lækkað verulega á umliðnum árum og því mikilvægt að halda aftur af frekari hækkunum á tímum sem þessum.


Viðbrögð fulltrúa sambandsins hafa verið á þá leið að ekki sé þörf á slíku samkomulagi eða yfirlýsingu þar sem flest sveitarfélög landsins muni skoða hvert um sig hvernig unnið verði með álagningu skatta og gjalda komandi árs með hliðsjón af Covid-19 faraldrinum. Því megi búast við að álagningarprósentur verði lækkaðar sem nemur þessari hækkun og einhver sveitarfélög hafi þegar boðað meiri lækkun en sem henni nemur. Þá sé boðuð hækkun matsins ekki það mikil í heildarsamheginu og af þeim sökum sé ástæðulaust að binda sveitarfélög við eina leið, auk þess sem hún verði mismikil eftir sveitarfélögum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vill engu að síður hvetja Samband íslenskra sveitarfélaga til að beita sér fyrir því við einstök sveitarfélög að álagningarhlutföll verði lækkuð sem nemi að

lágmarki þeirri krónutölu sem hækkun fasteignamatsins á milli ára myndi að óbreyttu leiða til, a.m.k. hvað atvinnuhúsnæði varðar. Óskað er eftir því að sambandið geri ráðuneytinu grein fyrir því hver niðurstaðan verður þegar ákvarðanir einstakra sveitarfélaga liggja fyrir í árslok 2020.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Hermann Sæmundsson